

## Skilmálar

Gjaldskrá á frístundaheimilum og í sértæku félagsmiðstöðvastarfi er samþykkt af borgarstjórn og getur breyst án fyrirvara: <http://reykjavik.is/gjaldskrar/fristundaheimili-gjaldskra>

Reglur um þjónustu frístundaheimila Reykjavíkurborgar gilda um starfsemi frístundaheimila.

Reglurnar má sjá hér: [https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-](https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-02/Reglur_um_%C3%BEj%C3%B3nustu_fr%C3%ADstundaheimila_Reykjav%C3%ADkurborgar_0.pdf)

[02/Reglur\\_um\\_%C3%BEj%C3%B3nustu\\_fr%C3%ADstundaheimila\\_Reykjav%C3%ADkurborgar\\_0.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-02/Reglur_um_%C3%BEj%C3%B3nustu_fr%C3%ADstundaheimila_Reykjav%C3%ADkurborgar_0.pdf)

Reglur um þjónustu félagsmiðstöðva Reykjavíkur gilda um starfsemi félagsmiðstöðva. Reglurnar má sjá hér: [https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-](https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-02/Reglur_um_%C3%BEj%C3%B3nustu_f%C3%A9lagsmi%C3%B0st%C3%B6v%C3%B0va_Reykjav%C3%ADkurborgar.pdf)

[02/Reglur\\_um\\_%C3%BEj%C3%B3nustu\\_f%C3%A9lagsmi%C3%B0st%C3%B6v%C3%B0va\\_Reykjav%C3%ADkurborgar.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/2023-02/Reglur_um_%C3%BEj%C3%B3nustu_f%C3%A9lagsmi%C3%B0st%C3%B6v%C3%B0va_Reykjav%C3%ADkurborgar.pdf)

Ef þjónusta er nýtt kl. 8:00-13:40 á foreldradögum og starfsdögum skóla eða í jóla- og páskafríum þarf að greiða fyrir það sérstaklega. Á ofangreindum dögum geta börnin eftir sem áður dvalið á frístundaheimilunum/sértækum félagsmiðstöðvum frá kl. 13:40-17:00. Farið er fram á rafræna skráningu á þessa daga skv. leiðbeiningum frá frístundaheimilinu. Einnig er hægt að skrá þau börn eftir hádegi sem ekki eru skráð í dvöl þann vikudag og greitt sérstaklega fyrir. Skráning á langa daga er bindandi eftir að frestur til skráningar rennur út og ekki er veittur systkinaafsláttur af viðbótarvistun þessa daga.

Ef systkini, tvö eða fleiri, dvelja á frístundaheimili eða í sértækum félagsmiðstöðvum skóla- og frístundasviðs eða eru í vistun í leikskólum borgarinnar er veittur 100% systkinaafsláttur af dvalargjaldi eldra systkinis/eldri systkina. Í þeim tilvikum er miðað við sama fjölda daga/stunda og hjá yngra/yngsta barni. Foreldrar skulu alltaf greiða gjald vegna yngsta barns. Það sama gildir ef skóla- og frístundasvið greiðir framlag vegna systkinis/systkina í sjálfstætt reknum leikskóla eða til dagforeldris eða greitt er framlag til sjálfstætt rekens grunnskóla vegna reksturs frístundaheimilis samkvæmt samningi þar um. Foreldrar greiða mest fæðisgjöld fyrir tvö börn, þvert á skólastig, greitt er fyrir þau yngstu fyrst en eldri njóta afsláttar. Greitt er fullt gjald vegna skráningar á langa daga. Skilyrði fyrir afslætti er að öll börnin séu með sama fjölskyldunúmer/lögheimili í þjóðskrá. Afsláttur samkvæmt reglum þessum er veittur, að öllum skilyrðum uppfylltum, til þess foreldris sem, samkvæmt þjóðskrá, hefur sama lögheimili og lögheimilistengsl og barn á frístundaheimili / í sértækri félagsmiðstöð.

Umsókn gildir eitt skólaár í senn (ágúst-júní). Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður hið minnsta og skal uppsögn hafa borist fyrir 15. hvers mánaðar og tekur uppsögnin gildi um næstu mánaðamót. Uppsögn skal í öllum tilfellum vera rafræn inni á [Mínum síðum](#), eða með tölvupósti til forstöðumanns frístundaheimilis.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í viðkomandi frístundamiðstöð eða hjá þjónustuveri Reykjavíkur í síma 411 1111. Starfsfólk frístundamiðstöðva leitast við að sinna hlutverki sínu af kostgæfni en ef þú hefur fyrirspurnir eða ábendingar um eitthvað sem betur má fara er hægt að senda tölvupóst á [sfs@reykjavik.is](mailto:sfs@reykjavik.is).